

## 5. Starfslið á skrifstofu og almennt starfsfólk.

Ráðið skal starfslið á skrifstofu, þ. á m. skrifstofustjóri, sem sér um almennt framkvæmdastörf samkv. erindisbréfi, er stjórnin setur honum, svo og annað almennt starfsfólk stofnunarinnar.

## II.

Ráðherra ræður starfslið Raunvísindastofnunar Háskólans, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar og háskólaráðs. Ráðherra getur falið stjórn stofnunarinnar ráðstöfun starfa til eins árs eða skemmri tíma, enda sé fjárveiting fyrir hendi.

Um starfskjör fer eftir ákvæðum laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

## 8. gr.

**Um Eðlisfræðistofnun Háskólans.**

Þegar Raunvísindastofnun Háskólans tekur til starfa, leggst Eðlisfræðistofnun Háskólans (rannsóknarstofa til mælingar á geislavirkum efnum) sem slík niður, sbr. 85. gr. 2. málsg. reglugerðar um Háskóla Íslands nr. 76 17. júní 1958. Frá sama tíma falla eigur Eðlisfræðistofnunar Háskólans til Raunvísindastofnunarinnar. Skuldbindingar Eðlisfræðistofnunar gagnvart starfsliði hennar og öðrum aðilum hvíla eftir greindan tíma á Raunvísindastofnun Háskólans.

Núverandi starfsmenn Eðlisfræðistofnunar Háskólans skulu fá ráðningarsamninga samkv. 7. gr. en þó skal eigi setja ákvæði um kennslu við Háskólann í ráðningarsamninga þeirra.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 42. gr. laga nr. 60 7. júní 1957 um Háskóla Íslands, sbr. háskóla­reglugerð nr. 76 17. júní 1958, 87. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi þegar í stað, og kveður menntamálaráðherra á um það, frá hvaða tíma Raunvísindastofnun Háskólans teljist taka til starfa.

*Í menntamálaráðuneytinu, 4. júní 1966.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*

10. júní 1966.

Nr. 105.

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur verið ákveðið, að umferð um **Álfheima** hafi stöðvunarskyldu gagnvart Suðurlandsbraut.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lög­reg­lustjórinn í Reykjavík, 10. júní 1966.*

**Sigurjón Sigurðsson.**